

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 30. mars 2020

Tilvísun: 202003032 / 3.3

Efni: Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps vegna íbúðarsvæðis í Borgarlandi

Djúpavogshreppur hefur, með erindi dags. 13. mars 2020, sent Skipulagsstofnun til staðfestingar óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 12. mars 2020 og hefur niðurstaða hennar ekki verið auglýst.

Skipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði dags. 3. mars 2020 með uppdrætti í mkv. 1:2.500 og greinargerð.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæði neðst í Borgarlandi er stækkað um 0,1 ha og hverfisverndað óbyggt svæði minnkar sem því nemur. Auk þess sem lögð verður ný gata/heimreið að Borgarlandi 10.

Skipulagsstofnun getur fallist á að um óverulega breytingu sé að ræða. Áður en stofnunin staðfestir aðalskipulagsbreytinguna þarf að bregðast við eftirfarandi og senda fjögur undirrituð kortblöð til staðfestingar:

- Mælikvarði breytingarinnar fyrir og eftir breytingu þarf að vera í samræmi við mælikvarða gildandi þéttbýlisuppdráttar, sem er 1:5.000.
- Stofnuninni þarf að berast afrit af auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar og upplýsingar um hvar hún var birt.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir